



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA

Skipulagslýsing

Breyting á aðkomuvegi að Stóru-Völlum L165011

09.07.2026





SKIPULAGSLÝSING

SKJALALYKILL

115280-LYS-001-V01

HÖFUNDUR

HB/BRE

RÝNT

AJ


EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Staðhættir	5
3	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	6
3.2	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	7
3.3	Vatnaáætlun 2022-2027	8
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	9
5	DEILISKIPULAG / FRAMKVÆMDALEYFI	9
6	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	9
6.1	Valkostir	9
6.2	Umhverfispættir og áherslur	9
7	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	11
7.1	Umsagnaraðilar	11
7.2	Skipulagsferli	11

1 INNGANGUR

Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028 í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2013. Fyrirhuguð breyting tekur til veltengingar og aðkomu að Stóru-Völlum (L165011) um land Minni-Valla (L164995).

Markmið breytingarinnar er að tryggja aðgengi að Stóru-Völlum í samræmi við fyrirliggjandi dómsátt um veginn og aðkomu að svæðinu. Í aðalskipulagi eru héraðsvegir og aðrir vegir almennt sýndir til skýringar og verður umrædd veltenging færð inn með þeim hætti með breytingunni.



MYND 1. Yfirlitsmynd af skipulagssvæðinu. Nýr vegur kemur til með að liggja frá Landvegi, um núverandi veltengingu að námu og um Minni-Vallaland að Stóru-Völlum. Mynd © 2024 Loftmyndir ehf

Skipulagslýsing

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum. Markmið með skipulagslýsingu er að gefa íbúum og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að breytingunni.

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar verður lagt mat á hvort breytingin teljist óveruleg eða full breyting á aðalskipulagi samkvæmt ákvæðum skipulagslaga og mun áframhaldandi málsmeðferð taka mið af þeirri niðurstöðu.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Breytingin tekur til vegsvæðis og aðkomu að Stóru-Völlum (L165011) og liggur um skilgreint landbúnaðarland Minni-Valla (L164995). Fyrirhugað er að leggja nýjan veg sem tengist Landvegi (26) um núverandi tengingu sem liggur að efnistökusvæði (E30) í landi Minni-Valla. Vegurinn er um 1,5 km að lengd og verður sýndur til skýringar á aðalskipulagsupprætti.

Forsenda breytingarinnar er dómsátt sem staðfest var 23. apríl 2024 af Héraðsdómi Suðurlands, þar sem kveðið er á um umferðarrétt að Stóru-Völlum um land Minni-Valla og lagningu nýs vegar frá Landvegi að jörðinni. Samkvæmt dómssátt skal landeigandi Minni-Valla veita landhöfum innan Stóru-Valla hindranalaust aðgengi um nýjan veg, sem landhafar skulu leggja á eigin kostnað og annast viðhalds hans. Veglína verður í samræmi við dómsátt og gerð verður grein fyrir nákvæmari legu og útfærslu vegar og uppbyggingu hans í umsókn um framkvæmdarleyfi.

Með breytingunni er leitast við að tryggja formlega skipulagslega umfjöllun um vegtenginguna og samræmi hennar við gildandi aðalskipulag. Við mótun tillögunnar verður tekið mið af forsendum dómsáttarinnar, núverandi landnotkun, legu lands, umferðaröryggi, ásjón svæðisins og þörf fyrir fullnægjandi þjónustu- og neyðaraðgengi.

2.1 Staðhættir

Minni-Velli er með skráða stærð 227,6 ha í fasteignaskrá HMS. Aðkoma að svæðinu er frá Landvegi (nr.26).

Svæðið er á hraunsvæði, sem er hluti svonefndra Þjórásrahrauna sem runnu úr Eldgjá, allt til sjávar við ósa Ölfusár. Hraunin í Landsveit voru áður fyrr vel gróin með þykkri gróðurhulu, svonefndir Landskógar, en blésu upp á 18./19. öld og eru nú að hluta í uppgræðslu. Hraunin teljast til nútímahrauna og njóta slíkrar jarðmyndanir sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Við afmörkun vega hefur verið leitast við að halda raski í lágmarki og nýta svæðið þar sem gróðurþekja og yfirborð eru þegar mótuð af eldri landnýtingu.

Gróður er víða viðkvæmur mosagróður og lyng og samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ eru ríkja vistgerðir á svæðinu lyngmóavist, hraungambravist, mosamóavist, melagambravist, víðimóavist, víðikjarrvist, starmóavist, grasmelavist og eyðimelavist. Hafa ber í huga að viðmiðunarmælikvarði vistgerðarkortlagningar er 1:25.000, því er ekki víst að þessar vistgerðir finnist innan marka skipulagssvæðisins. Svæðið er einnig innan VOT-S 3 Suðurlandsundirlendi sem er mikilvægt fuglasvæði því skal leitast við að draga úr raski á búsvæðum fugla og forðast óþarfa truflun, einkum á varptíma.

Aðalskráningu fornleifa í Rangárþingi ytra er lokið. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laganna. Minnt er á að friðhelgað svæði umhverfis fornminja er 15 m skv. 22. gr. laga um menningarminja nr. 80/2012.



MYND 2. Skýringarmynd. Fyrirhugaður vegur (rauð lína) sýndur til skýringar skv. uppdrætti sem fylgir dómsátt. Landamerki (svört línar) skv. vef HMS. Loftmynd © Loftmyndir ehf.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að *vernd umhverfis og náttúru* skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri *velsæld samfélagsins* og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að *samkeppnishæfu atvinnulífi* með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Samkvæmt Landsskipulagsstefnu skal skipulag í dreifbýli styðja við búsetu og samfélagsþróun með skynsamlegri ráðstöfun lands til nýtingar og verndar. Við ákvarðanir um uppbyggingu skal tekið mið af staðareinkennum, svo sem landslagi, landbúnaðarlandi, verndarsvæðum og menningarlandslagi.


Við skipulagsgerð skal leitast við að varðveita og efla gæði landslags, bæði náttúrulegs og manngerðs, og tryggja að uppbygging falli vel að umhverfinu.

3.2 Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028

Aðalskipulagið var staðfest í október 2019. Í aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Í kafla 2.3.1 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna um **landbúnaðarsvæði**:

- Góð landbúnaðarsvæði verða áfram nýtt til landbúnaðar.
- Landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaður verði eflður sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Landnýting sé í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki.
- Áfram verði stuðlað að eðlilegri sambúð landbúnaðar og annarrar byggðar.
- Áfram verður stuðlað að uppbyggingu í dreifbýli sem m.a. styrkir rekstur núverandi veitu- og dreifikerfa.
- Gætt skal að verndun umhverfis og lífríkis fallvatna m.a. til að efla fiskgengd og veiðimöguleika.
- Heimiluð er minnihátta skógrækt og skjólbeltarækt.



MYND 2. Hluti af aðalskipulagi Rangárpings ytra 2016-2028. Skipulagssvæðið eru innan rauða hringins.

Í kafla 2.5.2 í aðalskipulagi er fjallað um **vegi í byggð**.

Vegakerfi í byggð skiptist í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi. Vegasamgöngur á landi og tengingar við nágrannabyggðarlög eru nokkuð góðar í sveitarfélaginu. Suðurlandsvegur sem liggur í gegnum sveitarfélagið er skilgreindur sem stofnvegur, sem og Landvegur (nr. 26).

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 með síðari breytingum nr. 14/2015 þá eru héraðsvegir „vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar“.

Helstu héraðsvegir eru eftirtaldir:

Héraðsvegir	
Heiti vegar	Lýsing
Bugavegur	Liggur af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás niður í Veteifsholtshverfi í Ásahreppi
Háfsvegur	Liggur frá megin aðkomu að Þykkvabæ og til vesturs að Háfi.
Heklubraut	Liggur af Gunnarsholtsvegi (2738) ofan við Gunnarsholt og tengist Þingskálavegi (268) við Selsund.
Oddavegur	Liggur af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda og inn á Landeyjaveg (252), með brú yfir Þverá, á mótis við Vestra-Fróðholt.
Reynifellsvegur (Vatnsdalsleið)	Liggur af Fjallabaksleið syðri (F210) við Eystri-Rangá um land Reynifells og Vatnsdals á Fljótshlíðarveg (261).
Selalækjarvegur	Liggur af Suðurlandsvegi við Varmadal að Selalæk.

Ýmsar minni háttar breytingar verða gerðar á vegum, aðallega til að bæta öryggi vegfarenda og vegna nýrra tenginga. Má þar nefna nýja tengingu Heklubrautar á Rangárvallaveg, sem einnig mun breyta aðkomu að íbúðarsvæði norðan Gunnarsholts, þ.m.t. að Akurhóli og Kornbrekkum.

3.3 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar.

Við skipulagsgerð skal gera grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnshlot sem tiltekin framkvæmd og/eða starfsemi getur haft í för með sér. Skýrt þarf að koma fram hvort ástand vatns hnigni eða umhverfismarkmiðum vatnshlotsins sé ekki náð. Sveitarfélagið sem leyfisveitandi getur óskað eftir áhrifamati vatnshlots af hálfu framkvæmdar- og rekstraraðila sé þess talin þörf. Ekki er gefið út leyfi fyrir framkvæmd/starfsemi sem leiðir til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Gerð verður grein fyrir áhrifum á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun (nú umhverfis- og orkustofnun).

Svæðið er innan grunnvatnshlotsins Tungnaárhraun nr. 103-308-G. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Núverandi ástand

vatnshlotsins er óþekkt.¹ Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu nýs vegar og er ekki talin hafa í för með sér verulega hættu á mengun eða aðra þætti sem kunna að rýra magnstöðu eða efnafræðilegu ástandi grunnvatnshlotsins. Áætlað er að framkvæmdin valdi því hvorki hnignun á ástandi vatnshlotsins né komi í veg fyrir að umhverfismarkmið þess náist. Svæðið er staðsett innan fjarsvæðis vatnsverndar. Við framkvæmdir á svæðinu verður farið að öllum gildandi lögum, reglugerðum og skilmálum sem gilda um vatnsverndarsvæði. Sérstök áhersla verður lögð á að fyrirbyggja mengunarhættu og tryggja að framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatn eða vatnsból. Eftir atvikum verður leitað eftir nauðsynlegum leyfum og samþykktum frá viðeigandi stjórnvöldum áður en framkvæmdir hefjast.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð verður breyting á uppdrætti og greinargerð aðalskipulags.

Gerð verður breyting á uppdrætti þar sem vegur verður sýndur eins og aðrir vegir og slóðar, sem og héraðsvegir þ.e. til skýringar.

Upplýsingum um veginn verður bætt inn í töflu í kafla 2.5.2 *Vegir í byggð*. Eftir atvikum verður vegur skilgreindur sem aðrir vegir.

5 DEILISKIPULAG / FRAMKVÆMDALEYFI

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið og ekki er gert ráð fyrir að vegurinn verði deiliskipulagður. Nánari útfærsla vegar, þ.m.t. endanleg lega hans, umfang framkvæmdar og frágangur framkvæmdasvæðis, verður gerð í tengslum við umsókn um framkvæmdarleyfi.

6 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

6.1 Valkostir

Stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) verður borin saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag.

6.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á umhverfisþætti og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir mögulegar meginspurningar í

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/>

umhverfismatsskýrslu er að finna í töflu hér fyrir neðan. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjölum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 1. Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÆTTIR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag Ásýnd og sjónræn áhrif. Vernd landbúnaðarlands. Ósnortið náttúrlegt yfirbragð.	<i>Stefna í aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028.</i> <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð viðerni og landslagsheildir. - Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felst í menningarlandslagi. <i>Landslagsamningur Evrópu</i> <i>5. gr. Jarðalaga nr. 81/2004 um vernd landbúnaðarlands.</i>	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á yfirbragð byggðar?
Gróður og dýralíf Vistgerðir. Búsvæði fugla.	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <i>Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.</i> <i>Vistgerðarkortlagning NÍ.</i> <i>VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði.</i> <i>Samningur Sp um líffræðilega fjölbreytni</i>	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir og mikilvægt búsvæði fugla?
Heilbrigði Mengun og hávaði. Umferðaröryggi.	<i>Stefna í aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028.</i> <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningssamgöngur. - Í skipulagi í dreifbýli verði, eftir því sem kostur er, skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningssamgöngur.	Er hætt á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á umferðaröryggi?
Heilnæmt umhverfi Mengun og hávaði. Vatnsvernd.	<i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i> - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <i>Reglugerð um hávaða 724/2008.</i> <i>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.</i> <i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i> <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis. - Skipulag stuðli að sjálfbætti nýtingu vatns.	Er hætt á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?
Samfélag Þjónusta við ferðamenn. Atvinnulíf. Íbúafjöldi.	<i>Stefna í aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028.</i> <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag greiði fyrir skilvirkum samgöngum þar sem jafnvægi milli ólíkra ferðamáta verði haft að leiðarljósi. - Skipulag stuðli að uppbygginu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. <i>Stefnuramma íslenskrar ferðaþjónustu til 2030.</i> - Markmið um sjálfbæra þróun greinarinnar með arðsamri og samkeppnishæfni ferðaþjónustu í sátt við land og þjóð.	Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á fjölgun íbúa?
Minjar og verndarsvæði	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i>	Hefur stefnan áhrif á náttúru- og menningarminjar?

UMHVERFISÞÆTTIR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Fornminjar	Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja. <i>Aðalskráning fornminja.</i> <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i> <i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013.</i>	

7 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun stefnunnar.

Skipulagslýsingin verður kynnt í skipulagsgátt HMS. Umsagnir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

7.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- HMS
- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerð

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

7.2 Skipulagsferli

Skipulagslýsing verður kynnt sumarið 2026 og send landeigendum og umsagnaraðilum, þ.á.m. Vegagerðinni og HMS.

Aðalskipulagsbreyting verður kynnt/auglýst haustið 2026 í samræmi við 1. eða 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga og staðfest í byrjun árs 2027, ákveðið á síðari stigum hvort um minni háttar breytingu eða fulla breytingu sé að ræða.